

# Stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands

Fundur 20. maí 2019




Mynd: Þóra Ellen Þórhallsdóttir



## Dagskrá fundar:

1. Vinnan hingað til
2. Meginatriði næstu verkefna nefndar
3. Framundan
4. Umræður

# 1. Verkefni nefndar - tímaás



Tækifæragr. og áherslur í atv.st

Skilgreining á mörkum

Skipt. landsvæða í verndarflokka

Aðkomuleiðir, þjónmiðst., svæðaskipt. rekstrarsvæði

Áherslur í stjórn.- og verndaráætlun

Fjármögnun

Tillaga að lagafrumvarpi

Lokaskýrsla í samráðsgátt

## 2. Meginatriði næstu verkefna nefndar

- Skilgreining á mörkum
- Áherslur – verndarflokkar
- Aðkomuleiðir og miðstöðvar

### **Mörk**




Nefndin byggir umfjöllun sína á mörkum þjóðgarðsins m.a. á lagalegri stöðu á hálendi Íslands og eignarhaldi og umráðum lands á svæðinu.

Víðtækt samráð á vinnslutíma, m.a. boðað til fjölda funda með sveitarfélögum, hagaðilum og almenningi þar sem lögð hefur verið sérstök áhersla á að fá fram sjónarmið um mörk þjóðgarðs.

Nefndin samþykkti á þessum grunni bókanir.



# Sviðsmyndir



## Bókanir nefndar:

Nefndin ræddi svæðismörk fyrirhugaðs þjóðgarðs á miðhálandi. Fyrir liggur landsskipulagsstefna (áður svæðisskipulag miðhálandis) sem skilgreinir mörk miðhálandis Íslands. Nefndin lítur svo á að eðlilegt sé að horfa til lands innan þessa svæðis við umfjöllun um mörk þjóðgarðsins. Í fyrstu umferð sérstaklega þann hluta miðhálandisins og svæða við jaðra þess sem er í þjóðar-/ríkiseign, þ.e. þjóðlendur og ríkisjarðir og friðlýst svæði (frá fundi nefndar 6. nóv. 2018).

Nefndin leggur til að unnið verði með svæðismörk þjóðgarðs út frá þjóðlendum og þegar friðlýstum svæðum innan miðhálandislínunnar. Enn fremur verði unnin tillaga að skiptingu landsvæða í verndarflokka sem byggir á þeim áherslum sem nefndin hefur þegar lagt fram. Leitast verði við að kortleggja þau svæði innan þjóðlendnanna sem hefðbundnar nýttjar eru stundaðar á til að geta unnið tillögu að viðeigandi verndarflokkun m.t.t. fundargerðar 12. fundar. Þessi gögn verði lögð fyrir nefnd að nýju fyrir næsta funda nefndar (frá fundi nefndar 9. apríl 2019).

## Áherslur - verndarflokkar

Nú þegar framkomnar tillögur nefndarinnar um áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun þar sem lögð er áhersla á vernd, aðgengi, almannarétt og sjálfbærar hefðbundnar nýttjar sbr. veiði og beit á afrétti.

**Áherslur varðandi verndarflokka líta til þessara áhersla:**

- Nefndin telur mikilvægt hugsa svæðið sem heild en jafnframt að tillögur um vernd og nýtingu dragi fram mismunandi áherslur varðandi skiptingu í verndarflokka innan heildarsvæðisins.
- Landsvæðin sem tilheyra þjóðlendum miðhálandisins eru ólík að gerð og þar fer fram mismunandi nýting á landi
- Skynsamlegt að skipta miðhálandisþjóðgarði í nokkra verndarflokka

## Aðkomuleiðir og miðstöðvar

- Á samráðsfundum með sveitarfélögum og hagaðilum var kallað eftir tillögum.
- Fram komu ýmsar tillögur um svæði sem gætu hentað sem aðkomuleiðir/þjónustumiðstöðvar að þjóðgarðinum.
- Fyrir liggur að ákveðnir stofnvegir, sem og aðrir vegir, liggja nú þegar að og á miðhálandinu og voru tillögurnar því í samræmi við þá innviði.
- Þá liggur fyrir skilgreining samkvæmt Landsskipulagsstefnu um þjónustumannvirki á miðhálandinu sem augljóslega gæti nýst áfram sem slík í þjóðgarði.
- Einnig hefur verið mörkuð stefna í lögum um Vatnajökulþjóðgarð um þjónustumiðstöðvar sem ýmist hafa verið byggðar eða eru í undirbúningsferli.
- Þegar tillögur sem fram komu á samráðsfundum voru teknar saman fékkst góð mynd af þeim aðkomuleiðum/miðstöðvum sem nefndin gæti fjallað um.





## Framundan

- Gera tillögu að lagafrumvarpi um þjóðgarðinn, þar sem m.a. er tekin afstaða til stjórnskipulags þjóðgarðsins og tillögur að rekstarsvæðum
- Setja fram áætlun um fjármögnun fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

.....afstaða til stjórnskipulags þjóðgarðsins.